

# STJÓRNARTÍÐINDI B 27 – 1996

---

10. apríl 1996

429

Nr. 208

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 262, 18. maí 1994,  
um bann við línuveiðum í norðanverðum Breiðafirði.**

1. gr.

Aftan við reglugerðina komi ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að stunda línuveiðar norðan línu, sem dregin er 250° réttvísandi frá Skorarvita, frá og með 12. apríl til og með 30. apríl 1996.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. apríl 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

---

*Jón B. Jónasson.*

11. apríl 1996

Nr. 209

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 152, 15. mars 1996,  
um friðun hrygningarþorsks á vetrarvertíð 1996.**

1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo: Þá er og heimilt að stunda rauðmagaveiðar á gynnra vatni en 10 föðmum á innanverðum Faxaflóa, innan línu, sem dregin er frá Laugarnesi um Engeyjarvita í 7-baujuna, þaðan er línan dregin um 6-baujuna í Hraunsnes vestan Straumsvíkur.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. apríl 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jón B. Jónasson.*